

Reykjavík, 10. mars 2022

Skrifstofa framkvæmda- og viðhalds hjá Reykjavíkurborg og Veitna  
b.t. Ámundi Brynjólfsson  
b.t. Framkvæmdastjóra Veitna

### “Orkuveituvegur” við Grundarhverfi á Kjalarnesi

Þegar ráðist var í framkvæmdir við hreinsistöð skólps á Kjalarnesi var settur bráðabirgðarvegur fyrir vinnuvélar fyrir neðan Grundarhverfi. Til stóð að vegurinn yrðir fjarlægður að framkvæmd lokinni. 23. nóvember 2017 var stöðin tekin í notkun og þar með hefði framkvæmd átt að vera lokið og vegurinn fjarlægður. Sú er ekki raunin. Fyrrum Hverfisráð Kjalarness gerði atlögu að því að fá veginn fjarlægðan en án árangurs.

Í febrúar 2020 hófst samtal milli íbúaráðs Kjalarness og starfsmanna skipulagsfulltrúa um að fjarlægja veginn og gera göngustíg nær fjörunni. Íbúar vilja gjarnan hafa göngustíg þarna fyrir ofan fjöruna en ekki hafa akveg og umferð vélknúinna ökutækja. Formaður íbúaráðs kannaði vilja íbúa í óformlegri könnun á facebook síðu hverfisins og var niðurstaðan að meirihluti vildi malbikaðan stíg án lýsingar. Með í ofangreindu samtali voru fulltrúar frá Veitum og á fundi með þessum aðilum virtist svo að báðir aðilar (Reykjavíkurborg og Veitur) væru til í að koma að þessu verkefni og deila á milli sín. Umræðan snérist um að Veitur myndu sjá um partinn frá sundlaug að læk, þar sem þau þurfa að hafa aðgengi að dælustöð sem er staðsett við lækinn, og Reykjavíkurborg myndi taka þann hluta sem væri hinu megin lækjar.

Síðan kom Covid með öllu því sem fylgdi og fundir frestuðust og féllu niður. Loks var frestað að funda um óákveðin tíma. Í byrjun mars 2022 fengust þær upplýsingar hjá skipulagsfulltrúa að ekki væri litið á viðfangsefnið sem skipulagsmál, frekari svör um framhald málsins fengjust því væntanlega hjá skrifstofu framkvæmda- og viðhalds.

Íbúaráð Kjalarness óskar því eftir að skrifstofa framkvæmda- og viðhalds og Veitur upplýsi ráðið um stöðu mála varðandi þennan veg, og eins hvort að það væri hægt að koma fyrir þarna óskipulögðum stíg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Ráðið lýsir sig reiðubúið til að veita frekari upplýsingar um málið og gang þess undanfarin ár.

Virðingarfyllt fyrir hönd íbúaráðs Kjalarness,  
Sigrún Jóhannsdóttir